


VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Grunnskóli Fjallabyggðar



Almannavarnadeild
ríkislögreglustjórans

Sóttvarnalæknir

Menntamálaráðuneyti

Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur að viðbragðsáætlun</i>	3
2.	<i>Heimsfaraldur influensu</i>	4
3.	<i>Háskastig almannavarna</i>	5
4.	<i>Virkjun viðbragðsáætlana skóla</i>	9
5.	<i>Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans</i>	10
6.	<i>Starfssvæði skólans og umfang</i>	10
7.	<i>Áhættumat vegna influensufaraldurs</i>	13
8.	<i>Viðbragðsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar við heimsfaraldri influensu</i>	16
9.	<i>Samskiptaleiðir</i>	18
10.	<i>Kort og teikningar</i>	19
11.	<i>Dreifingarlisti</i>	20
12.	<i>Breytingasaga</i>	21

1. Inngangur að viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í *Grunnskóla Fjallabyggðar* í samræmi við áætlun Almannaþingis um viðbrögð við heimsútbreiðslu influensu.

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til influensufaraldurs kemur.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu.

Viðbragðsáætlanir skóla hafa samræmda uppbyggingu. Kaflar 2, 3, 4 og 7 eru sameiginlegir og geyma almennar upplýsingar frá menntamálaráðuneyti, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Aðra kafla semja skólarnir sjálfir og mynda þeir hina eiginlegu viðbragðsáætlun hvers skóla.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum skólastjóra *Grunnskóla Fjallabyggðar*. Áætlunin verður endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði skóla. Ef miklar breytingar verða á starfsemi skólans verður áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans, nemendum og forráðamönnum ólöggráða nemenda. Hún er aðgengileg á <https://grunnskoli.fjallabyggd.is/>

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Fjallabyggð, 4. mars 2020

Erla Gunnlaugsdóttir skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar

2. Heimsfaraldur inflúensu

Saga heimsfaraldra inflúensu

Allt frá 16. öld hafa heimsfaraldrar inflúensu riðið yfir heiminn að minnsta kosti tvisvar til þrisvar á öld. Á 20. öldinni riðu þrír heimsfaraldrar inflúensu yfir. Sá fyrsti geisaði 1918 og var afar mannskæður. Hann var nefndur spænska veikin en talið er að 50-100 milljón manns hafi látið lífið af hans völdum. Hinir tveir heimsfaraldrarnir riðu yfir 1957 og 1968 en ollu mun minna manntjóni. Á Íslandi gekk spænska veikin á suðvesturhluta landsins á tímabilinu frá október til desember 1918 en áður hafði væg sumarinflúensa gengið yfir 1918. Spænska veikin hófst í ágúst í Evrópu og Norður-Ameríku.

Talið er að um 60% Reykvíkinga hafi veikst af spænsku veikinni og að allt að 500 manns látist á landinu öllu. Íslendingar geta dregið nokkurn lærdóm af reynslu þjóðarinnar frá þeim tíma. Til að hindra útbreiðslu veikinnar voru settar ferðatakmarkanir og lokað var fyrir umferð um Holtavörðuhéið og einnig yfir Mýrdalssand. Með þessu tókst að hindra að veikin bærist til Norðurlands og Austurlands en til Vestfjarða barst hún með skipum.

Þar sem að fyrri faraldrar hafa riðið yfir á um 40 ára fresti og síðasti faraldur geisaði fyrir 40 árum hefur verið búist við nýjum faraldri í nokkurn tíma. Í apríl greindist nýr stofn inflúensuveiru í mönnum (H1N1) í Mexíkó og Bandaríkjunum. Þessi stofn hefur breiðst nokkuð hratt út um heimsbyggðina og þegar þetta er skrifað (30. júlí 2009) hafa 46 tilfelli greinst á Íslandi. Til þessa hafa veikindi verið væg og dauðsföll fátíð. Rétt er að benda á að skæð inflúensa af A stofni (H5N1) hefur breiðst út í fuglum undanfarin 10 ár og í stöku tilfellum borist í menn með alvarlegum afleiðingum.

Viðbragðsáætlanir skulu vera í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu sem undirrituð var 28. mars 2008 og er að finna á www.almannavarnir.is og www.influensa.is

Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

3. Háskastig almannavarna

Almannavarnastig

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig sem skilgreina alvarleika þess ástands sem steðjar að. **Háskastigin eru: Óvissustig, hættustig og neyðarstig.**

Til þess að gefa til kynna umfang almannavarnaviðbragða, þ.e. fjölda þeirra eininga sem virkjaðar eru í þágu almannavarna í hvert sinn, þörf fyrir víðtæka samhæfingu og fjölda stjórnstiga er hægt að skilgreina umfang á hverju almannavarnastigi með litum sem hér segir:

- **Grænt**

Atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum.

- **Gult**

Alvarlegur atburður og sinnt af mörgum viðbragðsaðilum.

- **Rautt**

Mjög umfangsmikill atburður á mörgum svæðum.

- **Svart**

Þjóðarvá - hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

Með hliðsjón af þessu taka sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri ákvörðun um umfang aðgerða hverju sinni og upplýsa viðbragðsaðila.

Óvissustig

Athuganir, mælingar, hættumat

Skilgreining:

Nýr undirflokkur influensuveiru greinist í mönnum en sýking milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Samráð / samstarf er við mikilvæg erlend samtök og stofnanir.
2. Samráð / samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga.
3. Skráning upplýsinga um staði þar sem sýking (H5N1? – önnur sýking ?) hefur komið upp.
4. Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru.
5. Athugun á boðleiðum, fjarskiptum og fleiru þess háttar.
6. Æfingar, almannavarnaæfing, minni æfingar innan stofnana og / eða hjá aðilum, sem hafa sameiginleg verkefni.

Hættustig

Viðbúnaður vegna hættu

Skilgreining:

1. Engin staðfest sýking hérlandis.
2. Litlar hópsýkingar af völdum nýs undirflokks Inflúensuveirunnar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði en veiran virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum.
3. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran aðlagist mönnum í vaxandi mæli en þó ekki þannig að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að sýktir einstaklingar komi til Íslands.
2. Komi fólk frá sýktum svæðum til Íslands fer fyrsta læknisrannsókn fram í flughöfnum (Keflavík) og höfnum.
3. Söfnun og úrvinnsla faraldursfræðilegra upplýsinga.
4. Hugsanlega loka einhverjum höfnum / flugvöllum.
5. Heimasóttkví hugsanlega beitt gegn þeim sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast.
6. Skip hugsanlega sett í sóttkví.
7. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi Inflúensulyfja meðal áhættuhópa íhuguð.
8. Athuga með heimköllun Íslendinga frá svæðum þar sem hópsýkingar af völdum nýs stofns Inflúensu hafa brotist út.

Neyðarstig

Neyðaraðgerðir vegna atburða

Skilgreining;

1. Stofn Inflúensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlandis eða heimsfaraldri hefur verið lýst yfir. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Viðbragðskerfi að fullu virkjað.
2. Skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er, gæti komið til samkomubanns.
3. Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.
4. Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.
5. Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
6. Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

Skammstafanir og orðskýringar

AR	Sýkingartíðni
AVD	Almannavarnadeild
AVN, Av-nefnd	Almannavarnanefnd
CDC	Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna
CFR	Dánarhlutfall sjúkdóms
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins
ESB	Evrópusambandið
LL	Landlæknisembættið
RLS	Ríkislögreglustjórinn
RÚV	Ríkisútvarpið
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð
SVL	Sóttvarnalæknir
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

DMR	Dómsmálaráðuneyti
HBR	Heilbrigðisráðuneyti
MRN	Menntamálaráðuneyti

Sóttvarnaráðstafanir

Heilbrigðisráðherra kveður á um **samkomubann** samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis (sbr. 12. gr. laga nr. 19/1997). Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd samkomubanns í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra. Í samkomubanni felst að fjöldasamkomur eru óheimilar, s.s. fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og reglulegar guðspjónustur. Samkomubann er sett samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Þegar ekki eru lengur forsendur fyrir samkomubanni afléttir heilbrigðisráðherra því samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að fenginni tillögu sóttvarnalæknis að **takmarka ferðafrelsi** manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýkra manna, sbr 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997. Sóttvarnalæknir gefur fyrirmæli um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra.

Háskastig WHO

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) í samvinnu við sóttvarnastofnanir í Bandaríkjunum (CDC) og Evrópu (ECDC) ásamt framkvæmdastjórn ESB hafa með sér náíð samstarf við að fylgjast með og meta stöðuna. Íslendingar fá upplýsingar frá WHO og hafa jafnframt nána samvinnu við ECDC og ESB um vöktun og viðbrögð.

Í stigaskipan WHO er gert ráð fyrir þremur skeiðum í heimsfaraldri; *skeið á milli heimsfaraldra*, *viðvörðunarskeiði* og *skeiði heimsfaraldurs*. Innan hvers skeiðs eru skilgreind mismunandi stig og eru þau sex talsins.

Stig WHO segja meira til um útbreiðslu frekar en alvarleika sýkingar. Stig 6, *skeið heimsfaraldurs*, getur verið vaxandi útbreiðsla á vægri influensu. Viðbragðsáætlun ráðuneyta gegn heimsfaraldri influensu er gerð með háskastig almannavarna til hliðsjónar en stigaskipan WHO er mikið notuð í fjölmiðlum og er sett hér fram til skýringar.

Háskastig WHO	
Stig heimsfaraldurs	Markmið aðgerða
Skeið milli heimsfaraldra Stig 1. Enginn nýr influensustofn hefur greinst í mönnum. Stig 2. Enginn nýr stofn influensuveiru hefur greinst í mönnum. Stofn influensuveiru geisar í dýrum og talinn geta ógnað mönnum. Viðvörðunarskeið Stig 3. Nýr stofn influensuveiru hefur greinst í mönnum en ekki er vitað til þess að hann berist manna á milli nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náíð samband manna. Stig 4. Litlar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði af völdum nýs stofns influensu en hann virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum. Stig 5. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran hafi í vaxandi mæli aðlagast mönnum, þó ekki í þeim mæli að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri. Skeið heimsfaraldurs Stig 6. Heimsfaraldur: Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits á meðal manna.	 Styrkja viðbúnað við heimsfaraldri influensu. Lágmarka hættu á smiti, uppgötva og tilkynna slík smit án tafar. Tryggja hraða greiningu á nýjum stofni veirunnar. Greina tilfelli fljótt og tilkynna þau án tafar. Hröð viðbrögð við fleiri tilfellum. Halda nýjum stofni innan afmarkaðs svæðis/uppsprettu eða seinka útbreiðslu og vinna tíma til að bregðast við (bóluefni ofl.). Hámarksáhersla er lögð á að koma í veg fyrir eða seinka útbreiðslu og, ef mögulegt, afstýra heimsfaraldri og vinna tíma til að hrinda í framkvæmd sóttvarnaráðstöfunum. Draga úr afleiðingum heimsfaraldurs eins og unnt er.

4. Virkjun viðbragðsáætla skóla

Sóttvarnalæknir tilkynnir breytingar á háskastigi (sjá nánar um stig í kafla 3).

Breyttur viðbúnaður í skólum

Tilkynntar breytingar á háskastigi sem kalla á sérstök viðbrögð skóla á tilteknu sóttvarnasvæði eða landinu öllu verða staðfestar af menntamálaráðuneytinu með tilkynningu í fjölmiðlum og á heimasíðu þess www.menntamalaraduneyti.is og eftir atvikum með tölvupósti til skólastjórnenda og sveitarfélaga.

Viðbúnaður í einstökum skólum. Til þess getur komið að gera verði breytingar á skólahaldi í einstökum skólum án þess að tilkynnt hafi verið um breytt háskastig, t.d. vegna mikilla forfalla. Skólastjórnendur bera ábyrgð á slíkum breytingum með hefðbundnum hætti. Eðlilegt er að haft sé samráð við sóttvarnalækni á svæði skóla áður en veigamiklar breytingar á skólahaldi vegna inflúensu eru ákveðnar.

Afboðun. Þeir þættir viðbragðsáætla skóla sem virkjaðir eru skulu ekki aflagðir fyrr en formleg boðun um það kemur frá yfirvöldum.

Helstu verkefni skóla á einstökum stigum

Óvissustig

Unnið að gerð viðbúnaðaráætlunar. Skólarnir upplýsa starfsfólk, nemendur og aðstandendur þeirra og aðra hagsmunaaðila um undirbúning og viðbrögð komi til hættu- eða neyðarástands.

Hættustig

Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um skólahald á hættustigi.

Neyðarstig (e.t.v. samkomubann)

Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um starfsemi hans á neyðarstigi. Komi til samkomubanns verður skólum lokað á tilteknu svæði eða landinu öllu.

5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans

Fræðslu- og frístundanefnd Fjallabyggðar starfar í umboði bæjarstjórnar Fjallabyggðar og hefur yfirumsjón með fræðslumálum í sveitarfélaginu. Skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar bera ábyrgð á faglegu og daglegu skólastarfi og er deildarstjóri eldri deildar við Tjarnarstíg staðgengill hans. Til aðstoðar hefur skólastjóri m.a. tvo deildarstjóra, skólaritara, skólahjúkrunarfræðing og umsjónarmann skólahúss. Skólinn starfar í tveimur skólahúsum þar sem 1. – 5. bekkur skólans er til húsa við Norðurgötu Siglufirði og 6. – 10. bekkur skólans er til húsa við Tjarnarstíg Ólafsfirði. Þar að auki fer íþróttakennsla fram í íþróttahúsum sveitarfélagsins á Siglufirði og í Ólafsfirði.

6. Starfssvæði skólans og umfang

Grunnskóli Fjallabyggðar

Heimilisfang: Norðurgötu 580 Siglufirði.


Skólinn starfar á tveimur starfstöðvum:

Við Norðurgötu er rautt hús, ~ 600 fm að flatarmáli.

Þar fer fram kennsla nemenda í 1.–5. bekk, ásamt íþróttakennslu nemenda í 1.-2. bekk.



Við Tjarnarstíg Ólafsfirði er hvítt hús, ~500 fm að flatarmáli. Þar fer fram kennsla nemenda í 6.–10. bekk.



Við Hvanneyrarbraut Siglufirði er íþróttahús merkt *Íþróttamiðstöð Fjallabyggðar*, þar fer fram sundkennsla nemenda í 1.-5. bekk sem og íþróttakennsla nemenda í 3.-5. bekk.



Við Tjarnarstíg í Ólafsfirði er íþróttahús merkt *Íþróttamiðstöð Fjallabyggðar*, þar fer fram sundkennsla nemenda í 6.-10.bekk og íþróttakennsla sömu nemenda.



Símar:

Skólastjóri 464 9152

Deildarstjóri/staðgengill skólastjóra 464 9222

Ritari 464 9150

Kennarastofa v. Norðurgötu 464 9154

Kennarastofa v. Tjarnarstíg 4649220

Umsjónarmaður skólahúss Siglufirði 464 9163

Hjúkrunarfræðingur 464 9167

Starfsmannafjöldi og nemendafjöldi

Starfsmenn Grunnskóla Fjallabyggðar eru samtals 56 og nemendur samtals 205 (1. mars 2020).

7. Áhættumat vegna inflúensufaraldurs

Bráðabirgðamat 10.8.09 á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu á komandi vikum fyrir landið allt

Bráðabirgðamat Almannavarna 25.04.16 á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu Líkur á að hingað berist alvarlegur smitsjúkdómur á borð við heimsfaraldur inflúensu eru töluverðar enda eru ferðalög til og frá Íslandi tíð. Fyrirfram er ekki hægt að fullyrða neitt um hversu skæður slíkur faraldur verður. Heimsfaraldrar eru þó ávallt skæðari en árstíðabundin inflúensa. Áhættumatið mótast meðal annars af alvarleika veikindanna, hversu móttækilegt fólk í samfélaginu er fyrir sýkingunni, getu veirunnar til að smita og hverjir áhættuhóparnir eru. Hægt er að draga úr alvarlegum veikindum með notkun veirulyfja og notkun bóluefnis, ef það er aðgengilegt. Ef heimsfaraldurinn verður í líkingu við spánsku veikina sem var árið 1918 má reikna með miklum veikindum og dauðsföllum. Heimsfaraldurinn sem var árið 2009 var mun mildari og bóluefni var fyrst tiltækt í takmörkuðu magni þegar faraldurinn nálgast hámark á Íslandi. Áhættumat fyrir Ísland Viðbragðsáætlanir hér á landi miða að því að tefja útbreiðslu faraldursins og draga úr alvarlegum afleiðingum hans en ólíklegt má telja að fullkomlega verði hægt að koma í veg fyrir útbreiðslu veirunnar hér á landi. Áætlað er að samhæfðar viðbragðsáætlanir eins og unnið hefur verið að hér á landi muni fækka sjúkdómstíflum og draga úr alvarlegum afleiðingum faraldursins. Gera þarf ráð fyrir að atvinnulífið hér á landi geti lamast í tvær til þrjár vikur, en með gerð viðbragðs- áætlunar er reynt að lágmarka þann skaða sem sjúkdómurinn veldur. En þrátt fyrir að öllum tiltækum ráðstöfunum verði beitt, má alltaf búast við ófyrirséðum afleiðingum. Hér dugir að nefna að reikna má með að fjárhagsleg afkoma heimila rýrni tímabundið, verðmæti glatist, til dæmis sjávarfang vegna skorts á vinnuafli og þjóðartekjur minnki í ákveðinn tíma. Áætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu er miðuð við tvær sviðsmyndir, annars vegar svæsinn faraldur og hins vegar mildara ástand, þar sem færri veikjast.

Svæsinn faraldur þar sem gert er ráð fyrir að um 50% þjóðarinnar sýkist verði ekki gripið til sértækra sóttvarnaráðstafana og um 3% hinna sýktu muni látast (tafla 7-1).

Hagstæðari útkomu þar sem sóttvarnaráðstafanir draga úrsýkingartíðni og dánarlíkum. Gert er ráð fyrir að með sóttvarnaráðstöfunum muni um 25% þjóðarinnar sýkjast og dánartíðnin verða um 1% (tafla 7-2).

Í töflu 7-1 og töflu 7-2 er að finna upplýsingar um heildarfjölda sjúkdómstífella, sjúkravitjana, innlagna og umframdaða í faraldri sem gerir annars vegar ráð fyrir 50% sýkingartíðni og hins vegar 25% sýkingartíðni innan hvers lögregluumdæmis.

	Fólksfjöldi	Sjúkdómstílfelli	Vitjanir alls	Innlagnir	Umframdauði
Höfuðborgarsvæðið	208.752	104.376	41.750	8.350	3.131
Vesturland	15.441	7.721	3.088	618	232
Vestfirðir	6.972	3.486	1.394	279	105
Norðurland Vestra	7.245	3.623	1.449	290	109
Norðurland Eystra	29.091	14.546	5.818	1.164	436
Austurland	12.524	6.262	2.505	501	188
Suðurland	19.822	9.911	3.962	793	297
Vestmannaeyjar	4.264	2.132	853	171	64
Suðurnes	21.560	10.780	4.312	862	323
Samtals:	325.671	162.837	65.134	13.027	4.885

Tafla 7-1 Sýkingartíðni (AR) er 50%, dánartíðni í sjúkdómi (CFR) er 3%

	Fólksfjöldi	Sjúkdómstílfelli	Vitjanir alls	Innlagnir	Umframdauði
Höfuðborgarsvæðið	208.752	52.188	10.438	418	522
Vesturland	15.441	3.860	772	31	39
Vestfirðir	6.972	1.743	349	14	17
Norðurland Vestra	7.245	1.811	362	14	18
Norðurland Eystra	29.091	7.273	1.455	58	73
Austurland	12.524	3.131	626	25	31
Suðurland	19.822	4.956	991	40	50
Vestmannaeyjar	4.264	1.066	213	9	11
Suðurnes	21.560	5.390	1.078	43	54
Samtals:	325.671	81.418	16.284	652	815

Tafla 7-2 Sýkingartíðni (AR) er 25%, dánartíðni (CFR) er 1%

Vöktun og farsóttagreining í heimsfaraldri inflúensu Tilgangur með vöktun og farsóttagreiningu í heimsfaraldri inflúensu er margvíslegur. Meta þarf útbreiðslu sjúkdómsins, sjúkdómsbyrði í samfélaginu og greina áhættuhópa. Að auki þarf að meta árangur veirulyfjanotkunar og bólusetninga eftir að bóluefni er aðgengilegt. Til greina kemur einnig að skoða árangur opinberra sóttvarnaráðstafana. Vöktun og farsóttagreining leggur þannig grunn að áhættumati sem hefur stefnumótandi áhrif á aðgerðir til að bregðast við heimsfaraldrinum. Upplýsingar til almennings, fagaðila og stjórnvalda um stöðu faraldursins á hverjum tíma byggja á vöktun og farsóttagreiningu. Ýmsar leiðir eru til að vakta heimsfaraldur inflúensu. Í heimsfaraldri verður inflúensan gerð tilkynningarskyld á Íslandi svo hægt sé að afla persónugreinanlegra upplýsinga með ítarlegum upplýsingum um þá sem greinast með staðfesta sýkingu. Fylgst verður með sjúkdómseinkennum, og hvaða meðferð þeir fá ásamt faraldsfræðiupplýsingum. Vakta þarf innlagnir á sjúkrahús vegna

inflúensu með sérstaka áherslu á innlagnir á gjörgæsludeild, upplýsingum verður safnað um einkenni, undirliggjandi sjúkdóma, fyrri bólusetningar, veirulyfjameðferð og aðra meðferð, þ.m.t. öndunaraðstoð og afdrif sjúklingsins. Í heimsfaraldri verður fylgst með dauðsföllum í sem næst rauntíma. Sú vöktun er tvíþætt, bæði þarf að rýna í dánarorsök þeirra sem deyja á tímabilinu til að greina óvænt dauðsföll af völdum inflúensu og einnig þarf að fylgjast með vikulegum dánartölum. Fylgst verður með útbreiðslu inflúensunnar með gögnum frá heilsugæslunni og bráðamóttökum með skráningu þeirra sem leita til læknis vegna inflúensulíkra einkenna. Í heimsfaraldrinum 2009 var komið á rafrænum og sjálfvirkum tilkynningum um þá sem leituðu til heilsugæslunnar og á bráðamóttökum með inflúensulík einkenni og þeirri vöktun hefur verið haldið áfram, til að fylgjast með árlegri inflúensu. Tilkynningar berast um þá sem lækni gefur ICD-10 kóða fyrir inflúensugreiningu í Sögu sjúkraskrá þegar læknirinn hefur staðfest samskiptin. Til að afla ofangreindra upplýsinga heldur sóttvarnalæknir því eftirtaldar skrár: Staðfest inflúensutilfelli frá veirufræðideild Landspítala. Klínískar tilkynningar um staðfest inflúensutilfelli frá læknum. Inflúensulík einkenni, skráð í Sögu sjúkraskrá. Innlagnir á sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir vegna inflúensu. Dauðsföll, þ.m.t.: o Dánarmeinaskrá með ítarupplýsingum. o Vikulegar dánartölur – ópersónugreinanlegar fjöldataölur. Bólusetningar í heimsfaraldri inflúensu. Skráning á notkun veirulyfja bæði á veirulyfjum úr neyðarbirgðum sóttvarnalækis og veirulyfjum sem eru seld í apótekum. Önnur óhefðbundin vöktun sem kemur til greina er að fylgjast með fjarvistum í grunnskólum landsins með gögnum frá Mentor. Það var gert í heimsfaraldrinum 2009 og gaf góða mynd af útbreiðslu inflúensunnar í samfélaginu. Stöðug úrvinnsla og greining á þessum gögnum er nauðsynleg til að uppfæra áhættumat m.t.t. áframhaldandi aðgerða og til að upplýsa alla hlutaðeigandi. Hluti af ofangreindum gögnum er að auki sendur til sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (European Centre for Disease Prevention and Control – ECDC) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), sem fylgjast með framgangi inflúensunnar og uppfæra áhættumat fyrir bæði Evrópu og allan heiminn.

8. Viðbragðsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar við heimsfaraldri inflúensu

Verkefnisstjórn vegna viðbragðsáætlunar er í höndum stjórnenda skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð hennar, uppfærslu og að virkja áætlun.

Þessir aðilar bera ábyrgð á virkjun áætlunar í forföllum skólastjóra; deildarstjóri-staðgengill, deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur og að síðustu öryggistrúnaðarmaður og aðrir trúnaðarmenn á vinnustað séu allir aðrir forfallaðir.

Upplýsingagjöf til skólasamfélagsins. Skólastjórnendur upplýsa starfsmenn skólans um inflúensuna á starfsmanna- og kennarafundum svo og með tölvupósti. Foreldrar og nemendur fá upplýsingar frá stjórnendum og skólahjúkrunarfræðingi gegnum heimasíðu skólans og með fjölpósti í tölvukerfinu Mentor. Ganga þarf úr skugga um að fjölskyldur af erlendum uppruna fái nauðsynlegar upplýsingar á sínu tungumáli sé þess þörf. Fréttir og tilkynningar verða á heimasíðu skólans þar sem finna má gagnlegar upplýsingar. Veggspjöld verða sett upp í skólum til að leiðbeina nemendum um handþvott og er foreldrum bent á að upplýsingar um flensuna sé að finna á www.almannavarnir.is, www.influensa.is og á www.landlaeknir.is

Ræsting. Farið verður eftir þeim leiðbeiningum sem berast frá sóttvarnalækni um ræstingu skólans og er það í höndum skólastjóra að upplýsa starfsfólk ef endurskipuleggja þarf ræstingu.

Hvernig á að bregðast við veikindatilfellum nemenda í skólanum?

Í einstaka veikindatilfellum eru foreldrar beðnir um að halda börnum sínum heima í 7 daga. Skólahjúkrunarfræðingur er látinn vita vegna hvers tilfellis. Ef inflúensan breiðist út boðar skólastjóri viðkomandi skóla til fundar við aðra skólastjóra, skólahjúkrunarfræðing og fræðslufulltrúa og þeir ákveða næstu skref. Hafa þarf samráð við heilsugæslu og /eða landlækni og fá ráðgjöf um lokun skólans.

Skipulagning afleysingakerfis lykilstarfsmanna (skólastjórnenda) ef til veikinda hjá þeim kemur?

Erla Gunnlaugsdóttir skólastjóri

Guðrún Unnsteinsdóttir deildarstjóri-staðgengill skólastjóra – í stjórnendateymi skólans.

Sigríður Karlsdóttir deildarstjóri – í stjórnendateymi skólans.

Margrét Guðmundsdóttir skólaráðgjafi.

Komi til lokunar skóla

Hvernig verður lokun auglýst og aflýst?

Að fenginni skipun / ráðgjöf frá landlækni tilkynnir deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála Fjallabyggðar lokun skóla. Í öllum tilfellum eru send bréf til foreldra, hvort sem um er að ræða leik- grunn- eða tónlistarskóla. Tilkynning um lokun skóla er sett á heimasíðu Fjallabyggðar og viðkomandi skóla, auglýsing um lokun skólans er sett á allar inngönguleiðir skólans.

Boðleiðir til og frá skóla haldið opnum þannig að upplýsingastreymi haldist gangandi

Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með tilkynningum á heimasíðu skólans og sveitarfélagsins. Hægt er að fá upplýsingar hjá deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála í síma 464 9100 eða á netfangið rikey@fjallabyggd.is. Þegar ákveðið hefur verið að skólinn taki til starfa á ný, munu foreldrar fá upplýsingar um skólabyrjun í gegnum póstlista á Mentor.

Hvernig má halda samstarfi/sambandi við heimili barna?

Póstlistar á Mentor nýttir, svo og heimasíða skóla og sveitarfélagsins. Hægt er að fá upplýsingar hjá deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála alla virka daga frá kl. 8.00-16.00.

Verður unnt að halda úti áframhaldandi skólastarfi í einhverri mynd þrátt fyrir lokun skóla?

Gengið er út frá því að nemendur geti stundað frjálstan lestur þegar þeir hafa heilsu til. Kennarar geta gefið fyrirmæli í gegnum Mentor. Eldri nemendur geta að nokkru leyti fylgt fyrirbyggjandi kennsluáætlunum eða unnið að tilteknum verkefnum a.m.k tímabundið. Foreldrar ákveða fyrirkomulagið hjá börnum sínum, veita þeim stuðning og eftirfylgni eftir föngum.

Hvernig verður tryggð umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur?

Húsverðir munu sinna eftirliti með húsnaði, ásamt skólastjóra, meðan á lokun stendur. Umsjónarmaður fasteigna Fjallabyggðar sér einnig um eftirlit og öryggismál.

9. Samskiptaleiðir

Lykilaðilar er varðar boðun og afboðun í Grunnskóla Fjallabyggðar sími: 464-9150

Starfsmenn skóla

Erla Gunnlaugsdóttir, skólastjóri, hs: 467-1887, gsm: 865-2030, erlag@fjallaskolar.is

Guðrún Unnsteinsdóttir deildarstjóri eldri deildar og staðgengill skólastjóra, hs: 466-2659, gsm: 863-2604, gudunn@fjallaskolar.is

Hólmfríður Ósk Norðfjörð Rafnsdóttir, skólaritari, hs: 471-2704, gsm: 821-7373, ritari@fjallaskolar.is

Sigríður Karlsdóttir, deildarstjóri yngri deildar hs: 467-2039, gsm: 848-3259, sigga@fjallaskolar.is

Margrét Guðmundsdóttir, skólaráðgjafi, hs: 467-1367, gsm: 849-0285, margret@fjallaskolar.is

Skólaskrifstofa Fjallabyggðar s: 464-9100/ 464-9116:

Ríkey Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála Fjallabyggðar, gsm: 844-5819, ríkey@fjallabyggd.is.

Formaður fræðslunefndar Fjallabyggðar:

S. Guðrún Hauksdóttir, gsm: 869-4441, gunnahauks72@gmail.com

Skólastjóri ber ábyrgð á daglegu skólastarfi, annast m.a. fjármál skólans og umsjón með tölvukerfi. Yfirmaður skólastjóra er deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála:

Erla Gunnlaugsdóttir erlag@fjallaskolar.is vs 464-9152 gsm: 865-2030 hs: 467-1887

Deildarstjóri eldri deildar er staðgengill skólastjóra:

Guðrún Unnsteinsdóttir gudunn@fjallaskolar.is, vs 464-9222 gsm 863-2604 hs: 466-2659

Deildarstjóri yngri stigs hefur umsjón daglegu starfi yngri deildar:

Sigríður Karlsdóttir sigga@fjallaskolar.is, vs: 464-9150, gsm; 848-3259 , hs: 467-2039.

Skólaritari sér m.a. um sínavörslu/upplýsingagjöf og skráningu forfalla nemenda og kennara:

Hólmfríður Ósk Norðfjörð Rafnsdóttir, ritari@fjallaskolar.is, vs: 464-9150, gsm: 821-7373, hs: 471-2704.

Umsjónarmenn skólahúsa við Norðurgötu og Tjarnarstíg opna skólahúsin á morgnana, sinna húsvörslu og sjá m.a. um öryggismál og gæslu á nemendum:

Hafþór Kolbeinsson umsjónarmaður skólahússins við Norðurgötu habbo@fjallaskolar.is gsm 864-9425

Enginn umsjónarmaður er starfandi við Tjarnarstíg en Elva Hannesdóttir og Bjarni Jensen skólaliðar sjá um áður nefnd störf.

Elva Hannesdóttir elva@fjallaskolar.is, vs: 464-9220, gsm: 847-6588.. hs: 466-2105

Bjarni Jenssen vs: 464-9220, gsm: 891-6605 hs: 466-2105


Skólahjúkrunarfræðingur starfar við skólann í 50% starfi. Hann er starfsmaður Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Hann hefur viðveru í báðum skólahúsum grunnskólans:

Þorsteinn Bjarnason skólahjúkrunarfræðingur hjukki@fjallaskolar.is

10. Kort og teikningar

Sóttvarnasvæðin

Íslandi er skipt upp í átta sóttvarnaumdæmi og er sóttvarnalæknir skipaður í hverju þeirra. Í stórum sóttvarnaumdæmum eru skipaðir sóttvarnalæknar ákveðinna svæða. Sjá mynd 10.1.



11. Dreifingarlisti

Eintakið er vistað rafrænt á eftirtöldum vefsíðum: <https://grunnskoli.fjallabyggd.is/> og <https://www.fjallabyggd.is/>

Á innra svæði skólans/sameign.

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum:

Deildir innan skólans, nefnið allar og fjölda eintaka	
Skrifstofa skólastjóra við Norðurgötu – prentað eintak	1 stk.
Skrifstofa skólastjóra við Tjarnarstíg – prentað eintak	1 stk.
Kennarastofa skólahúss við Norðurgötu – prentað eintak	1 stk.
Kennarastofa skólahúss við Tjarnarstíg – prentað eintak	1 stk.
Skrifstofa skólans Norðurgötu – prentað eintak	1 stk.
Fræðsluskrifstofu Fjallabyggðar – prentað og rafrænt eintak	1 stk.
Allir starfsmenn fá rafrænt eintak sent í tölvupósti og vistað á sameign starfsmanna.	

12. Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
	10/08/2009	Sniðmát menntamálaráðuneytis sent skólanum	
1.0	14/09 /2009	Viðbragðsáætlun skóla birt á http://www.sigloskoli.is/	skólastjóra
	14/09/2009	Viðbragðsáætlun birt á heimasíður Fjallabyggðar	fræðslufulltrúa
2.0	4/3/2020	Viðbragðsáætlun uppfærð m.t.t. skólahúsa, tengiliða og breytinga á skipulagi skóla. Birt á heimasíðu Grunnskóla Fjallabyggðar	skólastjóra
	4/3/2020	Birt á heimasíðu Fjallabyggðar	Markaðs- og menningar-fulltrúa